

Svar

ráðherra Hagstofu Íslands við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar um ársverk í fiskvinnslu og álverum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mörg ársverk hafa verið bundin fiskvinnslu hér á landi á árabílinu 1990–2006?
2. Hve mörg ársverk hafa verið bundin álverum hér á landi á árabílinu 1990–2006?

Upplýsingar um ársverk eftir atvinnugreinum eru ekki fyrirliggjandi fyrir síðustu ár. Vísbendingar um atvinnuþróun eftir atvinnugreinum yfir það tímabil sem fyrirspurnin tekur til koma hins vegar fram í niðurstöðum um fjölda starfandi fólks úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Sú rannsókn er úrtaksathugun sem gerð var tvisvar á ári tímabilið 1991–2002 en frá árinu 2003 er rannsóknin samfelld og skilar niðurstöðum fyrir hvern ársfjórðung. Fjöldi í úrtaki var um 4.400 hvert sinn árin 1991–2002 en er nú 4.050 miðað við ársfjórðung. Þótt úrtakið sé stórt mælt á hlutfallslegan kvarða er það of lítið til þess að rannsóknin fangi breytingar í fámennum atvinnugreinum á nákvæman hátt. Þá veldur það vandkvæðum að erlent vinnuafli ratar illa í úrtakið og er atvinnuþátttaka þess því vanmetin í vinnumarkaðsrannsókninni. Þetta varðar einkum tímabilið frá 2003, en þá fór erlendu fólki í vinnu hér landi mjög fjölgandi, og kemur helst fram í vanmati á fjölda starfandi fólks í fiskvinnslu. Hafa verður þessa þætti í huga við athugun á þeim tölum sem hér fylgja.

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðan fjölda starfandi fólks 16–74 ára við fiskvinnslu og álframleiðslu á árunum 1991–2006 samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar.

Starfandi fólk 16–74 ára við fiskvinnslu og álframleiðslu 1991–2006.

<i>Áætlaður fjöldi</i>	Alls starfandi	Fiskvinnsla	Álframleiðsla
1991	136.900	8.000	700*
1992	136.900	7.600	700*
1993	136.600	9.200	600*
1994	137.700	9.600	700*
1995	141.800	9.000	400*
1996	142.000	8.400	500*
1997	142.000	7.900	700*
1998	147.900	7.400	600*
1999	153.300	6.100	700*
2000	156.400	6.700	900*
2001	159.000	6.800	700*
2002	156.700	6.400	700*
2003	156.900	5.500	800*
2004	156.100	5.400	900*
2005	161.300	4.700	900*
2006	169.600	3.800	1.000

Skýringar: * frávíkshlutfall yfir 20%, breytingar frá einu ári til annars eru því ekki vel marktækar. Gera má ráð fyrir einhverju vanmati á fjölda starfandi við fiskvinnslu eftir 2003 vegna erfðleika við að afla upplýsinga um erlent vinnuafli.

Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands